


Ef röng vaxtarmæling hefur verið skráð í Ískrá er hægt að yfirrita hana ef önnur skráning er skráð sama dag og ranga skráningin var skráð. Ef önnur skráning er ekki skráð sama dag þarf að gera verkbeiðni (notendur HH) eða senda tölvupóst á [iskra@hg.is](mailto:iskra@hg.is) (notendur utan HH) og láta leiðrétta röngu skráninguna.

### Yfirrita ranga skráningu

- Skrá aftur hæðar- og þyngdarmælingu inn í Ískrá sama daginn og ranga skráningin var skráð.
- Þá kemur upp gluggi sem segir „**Það er þegar til skráning með þessari dagsetningu. Á að yfirskrifa mælingar (bæði hæð og þyngd)?**“ (mynd 1)
- Ef smellt er á Yes – þá skrifast yfir röngu skráninguna og nýja skráningin sem verið var að skrá gildir.
- Ef smellt er á No – mun eldri skráningin standa, ekki sú sem verið var að skrá áður en glugginn birtist.




Mynd 1: Gluggi sem kemur upp þegar tvær hæðar- og þyngdarmælingar eru skráðar sama daginn

### Dæmi:

| Hæð og þyngd - yfirlit |      |       |         |
|------------------------|------|-------|---------|
| Nemandi                |      |       |         |
| Gíslunnar Hansson      |      |       |         |
| Yfirlit                |      |       |         |
| Dagsetning             | Hæð  | Þyngd | Stuðull |
| 11.09.2012             | 1220 | 280   | 19      |
| 11.03.2014             | 1250 | 300   | 19      |
| 14.10.2014             | 1280 | 350   | 21      |
|                        |      |       |         |
|                        |      |       |         |
|                        |      |       |         |
|                        |      |       |         |
|                        |      |       |         |
|                        |      |       |         |
|                        |      |       |         |
|                        |      |       |         |

Loka glugga



Hér að ofan sést yfirliti yfir hæðar- og þyngdarmælingar hjá Gíslunnari. Þann 14.10.2014 var hæð skráð 128 cm og þyngd 35 kg. Þessi skráning reyndist röng og var því önnur skráning skráð samdægurs.

Önnur skráning var skráð á hæð og þyngd þann 14.10.2014 og nú með réttum tölum. Nú sést á yfirlitinu hér að ofan að ranga skráningin 128 cm. og 35 kg. er farin út og nýja skráningin 129 cm. og 36 kg. er komin inn í staðin.